



Reykjanesbær, 13. júní 2024
Mál nr. 2024010258

Efni: Umsögn vegna hvítbókar í málefnum innflytjenda, mál [nr. S-109/2024](#), lögð fram á samráðsgátt Stjórnarráðsins til umsagnar 24. maí 2024

Reykjanesbæ hefur borist til umsagnar drög að hvítbók í málefnum innflytjenda, Samfélag okkar allra: Framtíð og stefna Íslands í málefnum innflytjenda – drög að stefnu til ársins 2038.

Reykjanesbær fagnar drögum að heildstæðri stefnu um inngildandi samfélag fjölbreytileikans.

Framtíðarsýnin sem birtist í skjalinu ber vott um að öll skulu bera ábyrgð á því að skapa vettvang tækifæra fyrir fólk af erlendum uppruna á Íslandi.

Reykjanesbær bendir á að kynjaslagsíðu gætir í skjalinu þar sem til dæmis á að nota atvinnuþátttöku kvenna af erlendum uppruna sem mælikvarða á jöfnum tækifærum til samfélagslegrar þátttöku, en ekki annarra kynja, sbr. b-lið í töflu 4 um mælikvarða fyrir markmið 1.2. Eins er bent á mikilvægi þess að greina mælikvarða markmiðanna út frá landsvæðum þar sem margar aðgerðir munu þurfa að verða bundnar við landsvæði og nærsamfélag til þess að markmið náist. Sú ábending á jafnframt við um markmið 2.1 um árangursríka og fjölbreytta upplýsingaþjónustu til nýrra íbúa þar sem áætlað er að Vinnumálastofnun (VMST) beri ábyrgð á því að fylgjast með fjölda þeirra sem nýtir sér upplýsingaþjónustu og er þá gert ráð fyrir því að þar sé aðeins átt við upplýsingar frá VMST en ekki sveitarfélögunum eða öðrum þjónustustofnunum. Mikilvægt er að fylgast með erindum á víðari grunni og að greina erindin eftir landshlutum.

Eins er bent á mælikvarða með neikvæðri slagsíðu bæði í markmiðum 1.2 um að innflytjendur hafi jöfn tækifæri á við aðra til samfélagslegrar þátttöku sem og undir markmið 1.4 um fátækt meðal innflytjenda í samfélaginu. Reykjanesbær telur rétt að mæla hlutfall innflytjenda af starfandi einstaklingum á vinnumarkaði sem og fólki í eigin atvinnurekstri ef mæla á hlutfall innflytjenda af heildaratvinnuleysi, sbr. töflu 4 um mælikvarða fyrir markmið 1.2. Eins beri að mæla eignastöðu og launatekjur ef mæla á fátæktarmörk fólks út frá uppruna þess, sbr. töflu 6 um mælikvarða fyrir markmið 1.4.

Reykjanesbær fagnar sérstaklega markmiðum hvítbókar um árangursríka og fjölbreytta upplýsingaþjónustu til nýrra íbúa og inngildandi nálgunar í þeim efnum. Sveitarfélögin á Suðurnesjum og starfandi ríkisstofnanir á því landsvæði hafa í sameiningu sett sér markmið um að þjálfa starfsfólk þjónustustofnana og sveitarfélaga til þess að þjónusta og upplýsa íbúa, óháð aðstæðum þeirra eða uppruna, um þjónustu og afþreyingu á svæðinu undir formerkjum Velferðarnets Suðurnesja sem hefur unnið verkefnið [Velkomin til Suðurnesja](#), sem aðgengilegt er á vefsíðunni [Suðurnes.is](#).

Lykilviðmið hvítbókarinnar fanga vel viðfangsefnið og stuðla að því að á Íslandi sé unnið að inngildandi samfélagi fjölbreytileikans með víðtækum hætti.



Reykjavíkurbær væntir þess að í kjölfar hvítbókar verði unnin aðgerðaáætlun í nánú samstarfi við sveitarfélög og landssvæði sem sinna nærþjónustu við íbúa, óháð uppruna eða aðstæðum.

Hera Ósk Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkur

Hilma H. Sigurðardóttir
teymisstjóri ráðgjafar- og virkniteymis